



Reykjavík, 30. apríl 2018
VEL2018040029
330. fundur
RÁ/at

Lagt fyrir fund velferðarráðs 3. maí 2018

Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn Framsóknar og flugvallarvina um mönnun sértækra búsetuúrræða.

Á fundi velferðarráðs Reykjavíkurborgar þann 5. apríl sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn Framsóknar og flugvallarvina:

Framsókn og flugvallarvinir óska eftir upplýsingum hvort hægt sé að nýta starfsfólk betur í búsetukjörnum eins og fordæmi eru fyrir í Hafnarfirði. Sérstaklega á daginn þegar að íbúar eru farnir í vinnu. Til að hægt sé að sinna einstaklingum sem eru t.d. á bið eftir búsetukjarna eða til að styðja við þá einstaklinga sem kjósa að búa heima og þurfa aukinn stuðning heim til að létta á fjölskyldunum. Þá gæti starfsfólk verið í fullu starfi á sambýlinu en færi suma daga heim til einstaklinga að aðstoða við umönnun þeirra svipað og liðveisla.

Svar:

Við yfirfærslu málaflokks fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga árið 2011 tók Reykjavíkurborg við rekstri sértækra húsnaðisúrræða fyrir fatlað fólk. Í ársbyrjun 2018 eru 57 heimiliseiningar í rekstri velferðarsviðs borgarinnar. Þessar heimiliseiningar skiptast í 34 sértæk húsnaðisúrræði fyrir fólk með þroskahömlun og skyldar raskanir (þar með talið 12 herbergjasambýli og 1 áfangaheimili), 2 heimili fyrir fötluð börn, 14 íbúðakjarna fyrir geðfatlaða, tvö búsetuendurhæfingarheimili fyrir geðfatlaða og fimm skammtímavistanir fyrir fötluð börn og ungmenni. Auk heimilanna sem velferðarsvið rekur er styrktarfélagið Ás að reka 6 heimili fyrir fatlað fólk á grundvelli samninga við Reykjavíkurborg. Einnig er rekstur eins húsnaðisúrræðis fyrir geðfatlaða einstaklinga í einkarekstri. Einstaklingarnir sem búa í framangreindum húsnaðisúrræðum eru um 400 talsins, þar af eru 241 með

þroskahömlun og skyldar raskanir og 159 með geðfötlun. Þá eru 57 einstaklingar í utankjarnaþjónustu frá sértækum húsnæðisúrræðum.

Mönnunarlíkan heimilanna tekur mið af þjónustubörfum íbúa út frá þjónustuflokkum. Grunnmönnun er skilgreind sem sú mönnun sem þarf að vera til staðar innan húsnæðisúrræðis til að tryggja öryggismörk í þjónustu að því gefnu að allir íbúa séu heima. Í grunnmönnun er ekki gert ráð fyrir sérþörfum íbúa eða sérstökum aðstæðum á heimilum, s.s. vegna veikinda íbúa og/eða starfsmanna, húsnæðis og þess háttar. Til að bregðast við því hefur velferðarsvið þróað dálkaframsetningu í fjárhagsáætlunargerð til að fanga þarfir umfram grunnmönnunum sem og til að skilgreina áhrifaþætti s.s. utankjarnaþjónustu og stjórnunarþátt. Einnig má setja þar fram færri starfsmenn en grunnmönnun gerir ráð fyrir til dæmis á tímum sólarhrings þar sem að margir íbúar eru í burtu, til dæmis í dagþjónustu. Vaktatöflur heimilanna gera þannig ráð fyrir færri starfsmönnun á vakt þegar íbúar eru fjarverandi vegna dagþjónustu auk þess sem þjónusta við fatlað fólk í utankjarnaþjónustu er nú þegar hluti af starfsemi margra íbúðakjarna og er í stöðugri þróun.

Niðurstaða:

Vaktatöflur heimilanna gera nú þegar ráð fyrir færri starfsmönnun á vakt þegar íbúar eru fjarverandi vegna dagþjónustu auk þess sem utankjarnaþjónusta er í stöðugri þróun og er í vaxandi mæli veitt frá íbúðarkjörnum.